

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald á Akranesi.

#### 1. gr.

Þeir sem fá heimild til að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar um hundahald á Akranesi frá 15. apríl 1996, skulu árlega greiða fyrir það kr. 8.500 í bæjarsjóð.

Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið með gjalddaga 15. febrúar og eindaga 15. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

#### 2. gr.

Allur kostnaður vegna föngunar hunda sem teknir eru lausir s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausa hunda að ræða. Til viðbótar útlögðum kostnaði skal leyfishafi eða umráðamaður greiða handsömunargjald sem er eftirfarandi:

Í fyrsta sinn .....	kr. 4.000
Í annað sinn .....	“ 6.000
Í þriðja sinn .....	“ 8.000

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Akraness staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðisefirlit, til þess að öðlast þegar gildi.

#### *Ákvæði til bráðabirgða.*

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er gjalddagi leyfisgjalda fyrir árið 1996 15. maí og eindagi 15. júní.

*Umhverfissráðuneytinu, 15. apríl 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## SAMÞYKKT

### um hundahald á Akranesi.

#### 1. gr.

Hundahald er bannað í bænum að undanteknum leiðsöguhundum til hjálpar blindu fólki og leitarhundum til aðstoðar björgunarsveitum.

#### 2. gr.

Bæjarstjórn er þó heimilt að veita einstaklingum búsettum í bænum undanþágu til hundahalds að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Hundurinn skal skráður á skrifstofu bæjarins. Þar fær eigandi afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins. Á plötuna skal grafið Akr. og númer auk símanúmers eiganda hundsins.